

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík,

Efni: Tillaga til þingsál. um samanb. á matvæleverði (7. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Verslunarráð bendir á, eins og kemur reyndar líka fram í grg., að ýmsir aðilar gera reglulega kannanir eins og þær sem hér um ræðir. Verslunarráð sér ekki rök fyrir því að kannanir framkvæmdar af „hlutlausum opinberum aðilum“ leggi nokkuð af mörkum umfram þær kannanir sem þegar eru gerðar af ýmsum aðilum, þ.á m. neytendum sjálfum.

Verslunarráð telur rétt að benda á að ofangreind tillaga til þingsályktunar er þess eðlis að töluverð fjárútlát væru nauðsynleg ef henni ætti að fylgja eftir. Það hefði verið gott ef kostnaður skattgreiðenda við þennan verðsamanburð hefði verið tilgreindur í tillögunni.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.